

Bifreiðastæðasjóður Akureyrar

Reglur um íbúakort

1. Íbúar með lögheimili innan afmarkaðs reits á meðfylgjandi uppdrætti sem ekki hafa aðgang að bifreiðastæði innan lóðar eða geta á auðveldan hátt útbúið það, geta fengið íbúakort. Kortið veitir þeim heimild til að leggja bifreið sinni á nánar tilgreindum klukkustæðum innan þess svæðis sem kortið gildir fyrir.
2. Kortin eru afhent þinglýstum íbúðareigendum sem eiga lögheimili á hinum merktu svæðum. Leigjandi sem hefur lögheimili í íbúð á svæðinu getur fengið íbúakort með því að framvísa þinglýstum leigusamningi. Ef um skólafólk er að ræða þá þarf að skila inn staðfestingavottorði frá skóla (ekki gerð krafa um lögheimili).
3. Aðeins má skrá eitt kort á hverja íbúð. Á kortið skal vera skráð bílnúmer (þó ekki fleiri en tvö), kortanúmer og gildistími. Ef korthafi skiptir um bíl á gildistímanum þarf hann að sækja um nýtt kort.
4. Sækja má um íbúakort hjá Bifreiðastæðasjóði Akureyrar, Geislagötu 9, 600 Akureyri, á sérstöku umsóknareyðublaði.
5. Gildistími korts er eitt ár í senn. Fyrir leigjendur gildir kortið út leigutímann ef hann er styttri en eitt ár. Fyrir skólafólk gildir kortið út skólatímabilið.
6. Ef handhafi íbúakorts flytur lögheimili út af svæðinu fellur kortið úr gildi.
7. Misnotkun kortsins, svo sem framsal til annarra, flutningur á milli bíla eða upprunalegri áritun korts er breytt, varðar missi kortsins á eftirstandandi gildistíma þess.